

Alþingi
Erindi nr. P 133/1171
komudagur 22.2.2007

Nefndasvið Alþingis,
Austurstæti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. febrúar 2007
ÁPS/RMG/KSG/011/07

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skattlagningu lífeyrisgreiðslna, 382. mál.

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 12. febrúar 2007, þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um breytingar á skattlagningu lífeyrisgreiðslna.

Áhrif tillögunnar á málaflokka Tryggingastofnunar yrðu að mati TR í megindráttum af tvennum toga eftir útfærslu.


Annars vegar skiptir máli hvort fyrirhugað er að greiðslur úr lífeyrissjóðum teljist fjármagnstekjur eftir breytingu eða ekki. Þar sem fjármagnstekjur skerða almennt tekjutengdar bætur minna en lífeyristekjur hefði slík framkvæmd áhrif til hækkunar á bótarétti vegna minni skerðingar.

Hins vegar hvað varðar breytingu á skattlagningu lífeyrisgreiðslna Tryggingastofnunar ríkisins þá mun hún eðlilega áhrif á endanlegan kostnað ríkisins af almannatryggignakerfinu. Það er og ljóst að lægri tekjuskattur á greiðslur almannatrygginga en nú er myndi hafa þær afleiðingar að almennt myndu ráðstöfunartekjur lífeyrisþega hækka. Þá liggur fyrir að kostnaðarþátttaka vegna dvalar á vistheimilum ákvarðast af ráðstöfunartekjum og mun hún í einhverjum tilfellum hækka.

Hvað Tryggingastofnun ríkisins varðar þá skiptir meginmáli að ljóst sé hvort markmiðið sé að láta þessar breytingar hafa áhrif á uppbyggingu almannatryggingakerfisins eða ekki og útfærsla breytinga taki mið af því.

Ef markmið breytinga er að bæta hag lífeyrisþega þá hlýtur að koma til sérstakrar skoðunar hvort umræddi breyting ná best þeim markmiðum sem að er stefnt eða hvort að aðrar leiðir séu heppilegri.

Virðingarfyllst,


Karl Steinar Guðnason, forstjóri

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

